

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2018

**Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt) (Mál nr. 35)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp um brottfall kröfu um ríkisborgararétt. Viðskiptaráð telur frumvarpið vera mikið heillaspor þar sem íslensk sérregla um að ríkisstarfsmenn þurfi að hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt frá öðru EES-ríki er tímaskekkja sem skýtur skökku við í alþjóðavæddum heimi og er ekki til þess fallin að auka samkeppnishæfni landsins.

Viðskiptaráð hvetur auk þess til að íslensk útlendingalöggjöf verði tekin til heildstæðrar skoðunar með það að leiðarljósi að auðvelda til að mynda erlendum sérfræðingum að koma og starfa hér á landi. Skoðunin ætti hvort tveggja að beinast að fólki sem hingað kemur frá löndum innan og utan EES.

**Tveir hópar útlendinga**

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu skipa núgildandi 4. töluliður 1. málsgreinar útlendingum á Íslandi í tvo hópa. Annar hópurinn hefur sömu tækifæri og Íslendingar til að starfa hjá ríkinu en hinn ekki. Takmörkun 4. töluliðar nær einnig til ríkisborgara frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi eða dvalarleyfi sem ella mundi veita þeim heimild til að vinna viðkomandi starf. Viðskiptaráð tekur undir með flutningsmönnum um að er reglan barn síns tíma og óþarflega íþyngjandi.

Í greinargerðinni segir jafnframt að Ísland skeri sig úr meðal norrænna ríkja hvað ákvæðið varði. Hvorki í Svíþjóð, Danmörku, Noregi né Finnlandi er lengur að finna ákvæði sem þessi. Alls staðar eru störf hjá ríkinu aðgengileg þeim sem hafa tilskilin atvinnuleyfi. Í þessu felst skekkja og íslensk sérregla sem er ekki til þess fallin að auka hagsæld hér á landi.

**Viðskiptaráð leggur hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.** Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum, sé þess óskað, á fundi þingnefndar.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands